

## ÞINGSKJAL nr. 12

### Tillaga að málefnum til umræðu

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ leggur eftirfarandi málefni fyrir þingið til umræður. Óskað er eftir því að þær verði lagðar fyrir fagnefndir þingsins.

- Staða eftirlitsmanna- og dómaramála í íslensku mótahaldi.
  - Fjöldi íslenskra eftirlitsmanna í alpagreinum og skíðagöngu er fámennur. Hver er þörfin og hvernig getum við brugðist við?
  - Fjöldi íslenskra dómara á snjóbrettum með réttindi er þó nokkur en fáir sem hafa áhuga/tök á að dæma. Hvað veldur og hvernig getum við brugðist við?
  - Til þess að mótahald geti gengið þurfum við eftirlitsmenn og/eða dómara en illa hefur gengið að fá aðila til að sækja þau námskeið sem SKÍ stendur fyrir. Þarf að setja einhverskonar reglu varðandi eftirlitsmenn og dómara? T.d. að eigi félag ekki eftirlitsmann og/eða dómara geti það ekki fengið úthlutað mótí?
  - Höldum við nóg af námskeiðum?
  - Er kostnaður vegna eftirlitsmanna og dómara of hár fyrir mótshaldara?
  - Eru laun eftirlitsmanna og dómara of lág svo aðilar taki þetta af sér?
- Framtíð Skíðamóts Íslands (SMÍ) og Unglingameistaramót Íslands (UMÍ)?
  - Í vetur lentum við í þeim aðstæðum að SMÍ þurfti að halda á tveimur stöðum. Ísafjörður átti að halda mótíð en sökum snjóleysi var alpagreinahlutinn færður. Bæði mót tókust vel til og eftir mótíð hafa ýmsar spurningar vaknað.
  - Á í framtíðinni að halda þessa viðburði aðskilda? T.d. væri hægt að halda UMÍ í alpagreinum og SMÍ í alpagreinum. SMÍ og UMÍ í skíðagöngu gæti svo verið haldið saman undir merkjum SMÍ.
  - Mótatöflur alpagreina og skíðagöngu hafa stækkað hjá báðum greinum ásamt því að þátttaka SKÍ í alþjóðlegum viðburðum hefur aukist. Þetta hefur þau áhrif að erfiðara er að finna sameiginlegar helgar.
  - Núna er keppt á FIS mótum í báðum greinum á SMÍ og fá félög sem hafa báðar greinar innan sinna raða og jafnvel svæði sem getur sinnt þörfum FIS móta í báðum greinum. Er hægt að einfalda mótshöldurum með því að hafa þetta í sitt hvoru lagi? T.d. að þurfa minni utanaðkomandi hjálp eða samstarfi við annað félag?
  - Getum við verið með betri aðstöðu fyrir keppendur með mót í sitt hvoru lagi?
  - Hverjir eru kostir og gallar varðandi sýnileika að hafa þetta í sitt hvoru lagi?
  - Eða á fyrirkomulega þessara móta að vera óbreytt?

Vísað til:  Alpagreinaneftndar  Skíðagönguneftndar  Snjóbrettaneftnd  Allsherjanefnd

Afgreiðsla:  Samþykkt  Fellt